

Ívar Jónsson

Athugun á forsendum
Háskóla Austurlands

Þekkingarsetrið á Egilsstöðum ehf
2007

Efnisyfirlit

Samantekt	2
1) Ávinningur af háskólarekstri fyrir byggðarlög	2
2) Forsendur staðarnáms á háskólastigi á Austurlandi	4
2.i. Staðbundin reynsla af þjónustu við fjarnám á háskólastigi	4
2.ii. Möguleg rekstrarform Háskóla Austurlands	5
2.iii. Fyrirkomulag náms	5
3) Mögulegir stúdentar í staðarnámi	6
4) Raunhæfur fjöldi stúdenta í Háskóla Austurlands	7
4.i. Könnun á áhuga nemenda Menntaskólans á Egilsstöðum á að stunda háskólanám í nýjum háskóla á Egilsstöðum	7
4.i.a. Helstu niðurstöður úr könnuninni	8
4.ii. Áætlaður raunhæfur fjöldi stúdenta við Háskóla Austurlands	9
5) Fjöldi kennara við háskólann	9
6) Uppbygging náms	10
7) Fjárhagsáætlun staðarnáms á háskólastigi	11
Viðauki 1	12
Úr fjárlagafrumvarpi 2006	
Háskólanemendur með lögheimili á Austurlandi	12
Viðauki 3	13
Spurningalisti úr: Könnun meðal nemenda Menntaskólans á Egilsstöðum 17-18 apríl 2007	
Viðauki 4	14
Niðurstöður úr könnun meðal nemenda Menntaskólans á Egilsstöðum 17-18 apríl 2007	

Samantekt

Megin niðurstaða þeirrar athugunar sem hér birtist er að mögulegt er að koma á tveggja ára (120 ECTS) staðbundnu diplómanámi á háskólastigi á Egilsstöðum, ef nemandafjöldi yrði rúmlega 60. Námið verður að vera þverfaglegt félagsvísindanám vegna þess hversu fámennur stúdentahópurinn yrði í byrjun. Vegna þess hversu fáir nemendur yrðu, 25-30 stúdentar á hverju námsári er forsenda námsins að nemendur greiði 250 þúsund krónur í skólagjöld á ári eða þriðji aðili greiði þá upphæð, s.s. ríki, sveitarfélag eða fyrirtæki. Kennsla einstakra námskeiða getur farið fram á ýmsum stöðum á Austurlandi gegnum fjarnámskerfi PNA. Ýmsir valkostir eru varðandi rekstrarform námsins.

1) Ávinningur af háskólarekstri fyrir byggðarlög

Ávinningur af því að stofna og reka háskóla er margvíslegur fyrir þau byggðarlög þar sem þeir eru staðsettir. Sem dæmi má nefna að starfssemin er vinnuaflsfrek og skapar því hlutfallslega mörg störf samanborið við aðrar atvinnugreinar og hún eykur viðskipti og veltu í viðkomandi nærsamfélagi. Samkvæmt erlendum rannsóknum er áætlað að hver króna sem háskólar velta margfaldist um 1,5 í héraði¹. Fastráðnir háskólakennarar og sérfræðingar háskóla eru hálaunafólk. Slíkir starfsmenn stuðla að hækkingu launa á viðkomandi svæðum. Umtalsverð byggingastarfssemi og viðhaldsvinna fylgir háskólum og sveitarfélög hafa tekjur af starfssemi verktaka og útsvari starfsmanna þeirra. Auk þess skapast tekjur af þjónustu við háskólana, starfsmenn þeirra og nemendur².

Háskólar sporna gegn byggðaröskun. Nálægð háskólastofnunar auðveldar almenningi á landsbyggðinni að stunda staðbundið háskólanám. Slíkt spornar gegn byggðaröskun ef marka má t.d. reynsluna af Háskólanum á Akureyri. Dr. Ingi Rúnar Eðvarðsson, dósent við Háskólann á Akureyri, sýndi fram á í nýlegri rannsókn á sambandi háskólamenntunar og búsetu að 89% brautskráðra viðskiptafræðinga frá Háskóla Íslands og þeirra sem útskrifast erlendis frá búa á höfuðborgarsvæðinu en aðeins 11% á landsbyggðinni. Af brautskráðum rekstrarfræðingum frá Háskólanum á Akureyri búa 87% á landsbyggðinni en aðeins 13% á höfuðborgarsvæðinu¹. Háskólar renna stoðum undir kynningu á héraðinu þar sem þeir eru staðsettir. Það gerist með tvennum hætti. Í fyrsta lagi kynnast þeir nemendur svæðinu sem koma annars staðar frá. Í öðru lagi á sér stað kynning í hvert skipti sem háskólans er getið í fjölmiðlum.

¹ Þorsteinn Gunnarsson (2000) **Er von fyrir landsbyggðina?** Erindi flutt á landsþingi BSRB 26. október 2000, <http://ww2.unak.is/von.htm>: Háskólinn á Akureyri.

² Sjá sem dæmi athugun á áhrifum Háskólans á Bifröst á Borgarbyggð í Ívar Jónsson og Vífill Karlsson (2002) **Borgarbyggð og Bifröst – Sambúð háskóla og byggðarlags**, http://www.bifrost.is/Files/Skra_0000956.PDF

Starfsemi háskóla rennir stoðum undir alþjóðleika atvinnu- og mannlífs. Erlendir skiptinemar og kennarar koma árlega til starfa eða rannsókna auk þess sem nemendur og starfsfólk fer utan til starfa, svo eitthvað sé nefnt. Kennarar og sérfræðingar háskóla eru hluti af alþjóðlegu háskólastarfi með þátttöku sinni í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og geta miðlað nýjustu þekkingu og tækni á sínu sviði inn í fyrirtæki og mannlíf byggðarlagsins.

Starfsemi háskóla getur orðið liður í því að bæta ímynd héraðsins sem fjölbreytts vinnumarkaðar. Slíkt laðar gjarnan að einstaklinga með fjölbreytta þekkingu sem eru annað hvort í atvinnuleit eða leit að staðsetningu fyrir fyrirtæki sitt.

Mannfjöldaaukning í héraði fylgir starfsmönnum og nemendum háskóla og fjölskyldum þeirra. Aukinn íbúafjöldi kallar á þjónustu og gerir ýmsa sérþjónustu arðbæra. Jafnframt leiðir aukinn íbúafjöldi til aukinnar stærðarhagkvæmni í rekstri samfara aukinni veltu fyrirtækja og stofnana. Því má gefa sér það að aukinn íbúafjöldi lækki verðlag um leið og þjónustustigið hækkar bæði hvað varðar úrval þjónustu og vöruúrval í þjónustu sem þegar er fyrir hendi. Þess má geta að aukinn íbúafjöldi skapar rekstrargrundvöll fyrir fleiri fyrirtæki með sömu eða sambærilega þjónustu þannig að samkeppni verður meiri sem leiðir gjarnan til lægra vöruverðs³. Samantekið má segja að starfsemi háskóla stuðlar óbeint að lægra vöruverði og herra þjónustustigi í viðkomandi byggðalögum.

Rannsóknar- og ráðgjafarstarf sem nýtast viðkomandi héraði fylgja háskólastarfssemi. Á hverju starfsári gera nemendur fjölda raunhæfra rannsóknarverkefna við háskóla auk lokaverkefna í háskólanámi. Í þessum verkefnum er nýjasta þekking og tækni hagnýtt og þau eru iðulega unnin í nánnum tengslum við atvinnulífið og gefur það fyrirtækjum nær sem fjær kost á að nýta sér það.

Háskólar eru uppspretta nýrra hálaunastarfa og fyrirtækja. Eins og áður var sagt auðveldar nálægð við háskólastofnun almenningi sem búsettur er á landsbyggðinni að stunda háskólanám. Slíkt hækkar menntunarstig á landsbyggðinni, Austurland í okkar tilfalli, og þeir sem ekki fá vinnu við sitt hæfi, búa sér hana til. Erlendar rannsóknir benda til þess að einstaklingar sem bæði hafa starfsreynslu og hátt menntunarstig eru líklegastir til að stofna ný arðvænleg fyrirtæki⁴.

³ Það er gaman að nefna það hér að meðal þess sem kom fram í könnun Stefáns Ólafssonar, félagsfræðings við Háskóla Íslands, sem hann vann fyrir Byggðastofnun var ein af veigamestu ástæðum fyrir því að fólk flutti af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið var vöruverð (Stefán Ólafsson (1997) **Búseta á Íslandi, Rannsókn á orsökum búferlaflutninga**, Reykjavík: Byggðastofnun).

⁴ Tidd, J., Bessant, og Pavitt, K. (1997) **Managing Innovation. Integrating Technological, Market and Organizational Change**, Chichester: John Wiley & Sons, bls 341-2.

Háskólastarfssemi eykur fjölbreytni atvinnu- og mannlífs. Fjölbreytni atvinnulífs hefur gjarnan verið talinn kostur til sveiflujöfnunar. Einn af stóru veikleikum íslenska hagkerfisins hefur einmitt verið talinn lítil fjölbreytni atvinnulífs. Afkoma landsmanna hefur því oft verið geysilega sveiflukennd eins og glögg má sjá á hagvaxtarsveiflum hér í samanburði við þau lönd sem við kjósum að bera okkur saman við. Þetta má heimfæra á atvinnulíf einstakra sveitarfélaga. Fjölbreytni atvinnulífsins hefur tilhneigingu til að milda muninn á milli góðæris og samdráttar.

Háskóli skapar forsendur fyrir þróun staðbundins þekkingarbanka. Við háskóla byggist upp hagnýt þekking í formi rannsóknarskýrsla og uppsafnaðrar þekkingar skólans sem varðveitt er í grunngerð hans. Markvisst samstarf háskóla og stjórnsýsluaðila viðkomandi byggðarlaga eða héraðs er mikilvægt fyrir atvinnu- og samfélagsþróun viðkomandi nærsamfélaga. Að slíku markvissu samstarfi er unnið í nágrannalöndunum, m.a. í Bandaríkjunum.

2) Forsendur staðarnáms á háskólastigi á Austurlandi

2.i. Staðbundin reynsla af þjónustu við fjarnám á háskólastigi

Þekkingarnet Austurlands (ÞNA) býr yfir margra ára reynslu af rekstri fjarnámsþjónustu á sviði símenntunar og háskólanáms. Um það bil 200 stúdentar eru skráðir á ári hverju í háskólanám sem stundað er gegnum fjarnámsskipulag ÞNA. Jafnframt er umfangsmikið símenntunarnám starfrækt á grundvelli fjarnámsskipulags ÞNA. Húsakynni ÞNA og Þekkingarsetursins á Egilsstöðum má nýta í staðarnámi, en einnig má senda fyrirlestra sem haldnir eru í húsnæði ÞNA út til fjarnámssetra í öðrum sveitarfélögum og landshlutum.

Vandamál tengd fjarnámi og hlutanámi eru vel þekkt, en helsta vandamálið er brottfall úr fjarnámi sem er mun meira en staðarnámi og brottfall er meira úr hlutanámi en fullu námi á háskólastigi⁵. Aukið framboð á fullu námi og staðarnámi á háskólastigi á landsbyggðinni er því mikilvægur liður í jöfnun búsetuskilyrða á Íslandi.

⁵ Brottfall úr hlutanámi á háskólastigi er um 21% en rúm 12% meðal stúdenta í fullu námi (sjá Hagstofa Íslands (2004) **Brottfall nemenda af háskólastigi 2002–2003**, bls. 2). Brottfall á háskólastigi er erfitt að meta á grundvelli kannana Hagstofu Íslands þar sem aðferðin sem beitt felst í að telja hversu margir skrá sig ekki í nám árlega, en í háskólum geta nemendur lengi skráð sig í nám árlega án þess að stunda fullt nám. Brottfallstölur af framhaldsskólastigi gefa vísbendingu sem yfirfæra má á háskólastigið. Sem dæmi er brottfall í framhaldsskólum rúmlega 12% úr dagskóla, en yfir 54% úr fjarnámi (sjá Hagstofa Íslands (2004) **Brottfall nemenda úr framhaldsskólum 2002-2003**).

Í ljósi þeirrar reynslu sem ÞNA hefur af þjónustu við háskólastúdenta, fjölda stúdenta á háskólastigi á Austurlandi og með tilliti til jöfnunar búsetuskilyrða má færa rök fyrir því að æskilegt sé að koma á staðarnámi á háskólastigi á Austurlandi með aðalstöðvar á Egilsstöðum.

2.ii. Möguleg rekstrarform Háskóla Austurlands

Forsenda háskólanáms er að fengin sé viðurkenning á náminu frá menntamálaráðuneyti. Til þess að fá slíkt leyfi þarf námið að vera á vegum formlegs háskóla. Í þeim efnum eru fjórar leiðir mögulegar:

Í fyrsta lagi myndi ríkið stofna háskóla líkt og gert var þegar Háskólinn á Akureyri var stofnaður 1987⁶. Ríkið myndi þá standa undir rekstrinum og leggja þannig fram þolinmótt fjármagn til langtíma fjárfestingar í innviðum þekkingardrífins hagkerfis á Austurlandi.

Í öðru lagi yrði stofnað hlutafélag um háskóla sem fyrirtæki og hagsmunaaðilar stæðu að.

Í þriðja lagi myndi eitt eða fleiri sveitarfélög stofna nýjan háskóla sem myndi starfa í nánú samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum sem útskrifar flesta stúdentana á Austurlandi.

Æskilegt er að Verkmenntaskóli Austurlands og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu komi einnig að málinu.

Í fjórða lagi yrði samið við tiltekinn háskóla um að stofna útibú og samin um að innan tiltekins árafjölda yrði útibúinu breytt í Háskóla Austurlands.

Í fimmta lagi yrði þekkingarsetrinu á Egilsstöðum ehf breytt í Háskóla Austurlands ehf, sem myndi hafa það tvíþætta hlutverk að vera annars vegar háskóli með kennslu- og rannsóknastarfsemi og hins vegar vísindagarður.

Hér er ekki tekin afstaða til hvaða rekstrarform er heppilegast miðað við núverandi aðstæður í efnahags- og stjórnámálum. Meta þarf sérstaklega hvaða 'strategískar' forsendur eru til staðar gagnvart stjórnvöldum og öðrum hagsmunaaðilum sem málinu tengjast.

Æskilegt er að skólinn verði staðsettur í nýju þekkingarsetri á Egilsstöðum og tengist því vísindasamfélagi sem þar verður.

2.iii. Fyrirkomulag náms

Námið gæti þróast þannig að í fyrstu yrði boðið upp á tveggja ára diplómanám, en innan þriggja ára yrði komið á BA/BS námi. Í staðarnáminu yrðu kennd kjarnafög á tilteknu fræðasviði og nemendum jafnframt gefinn kostur á að stunda fjárnám í öðrum háskólum í þeim námskeiðum sem ekki yrði boðið upp á í staðarnáminu. Í framhaldinu má þróa

⁶ Á fyrsta skólaári HA voru 13 stúdentar í hjúkrunarfræðinámi og 34 í tveggja ára rekstrarfræðinámi.

rannsóknatengt nám á meistarastigi sem myndi verða á fræðisviðum þeirra rannsóknastofnana sem hafa starfsstöðvar á Austurlandi.

Kennsla myndi fara fram á Egilsstöðum en einnig yrði fjarnámstækni notuð á öðrum stöðum á Austurlandi og þar myndu kennarar sem búa á viðkomandi stöðum halda fyrirlestra og sjá um kennsluna. Auk kennslu sem færi fram á Austurlandi myndu námskeið verða kennd af stundakennurum sem staðsettir eru í öðrum landshlutum.

3) Mögulegir stúdentar í staðarnámi

a) Stúdentar frá Menntaskólanum á Egilsstöðum

Mikilvægt er að eftirspurn eftir staðarnámi sé sem minnst sveiflukennnd. Forsenda stöðugrar eftirspurnar er tiltekinn markhópur “kjölfestunema”. Útskrifaðir stúdentar frá Menntaskólanum á Egilsstöðum (ME) gætu verið uppistaðan í slíkum hópi kjölfestunema. Á ári hverju útskrifast um 50 stúdentar frá ME. Samkvæmt könnun meðal nemenda ME sem gerð var í nóvember 2005⁷ gerðu 76% nemenda ráð fyrir að fara í áframhaldandi nám, en 23% sögðust ekki vita hvort þeir færu í framhaldsnám. Hlutfall þeirra sem eru óráðnir er líklega hátt vegna þess að nemendur í öllum árgöngum skólans voru spurðir. Því má ætla að um 90% útskriftarnemendanna muni fara í framhaldsnám, eða meira en 45 nemendur. Önnur könnun sem gerð var meðal nemenda ME í apríl 2007 styður þessa niðurstöðu (sjá kafla 4 hér að neðan). Stór hluti þessa hóps eru mögulegir kjölfestunemar. Við ME stunda rúmlega 40% nemanna nám á félagsfræðibraut, 28% á náttúrfræðibraut, 17% á almennri braut og 6% á málabraut.

b) Stúdentar frá Verkmenntaskóla Austurlands

Frá Verkmenntaskóla Austurlands (VA) hafa 15 stúdentar útskrifast að meðaltali síðastliðin fjögur ár, þar af 9 af félagsfræðibraut og 5 af náttúrfræðibraut⁸. Ætla má a.m.k. 90% þessara nema vilji stunda framhaldsnám.

c) Stúdentar frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) hefur á umliðnum fjórum árum útskrifað 13 stúdenta að meðaltali á ári⁹. Ætla má a.m.k. 90% þessara nema vilji stunda framhaldsnám.

⁷ Starfshópur um innra mat við Menntaskólann á Egilsstöðum (2006) **Könnun á högum og viðhorfum nemenda við Menntaskólann á Egilsstöðum – Haust 2005**, bls. 66.

⁸ Upplýsingar frá Þorbjörgu Ólöfu námsráðgjafa VA 31. jan. 2007.

d) Fólk sem ekki fór í framhaldsnám að loknu stúdentsprófi

Ætla má að rúmlega 5700 einstaklingar á aldrinum 18-45 ára búi á Austurlandi. Ef gert er ráð fyrir að 7% þeirra hafi stúdentspróf¹⁰, en hafi ekki farið í framhaldsnám, eru rúmlega 400 manns sem tilheyra þessum hópi í landesfjórðungnum. Hluti af þessum hópí gæti sózt eftir háskólanámi, e.t.v. 10% eða yfir 40 einstaklingar. E.t.v myndu 5 einstaklingar ár hvert vilja hefja háskólanám úr þessum hópi.

e) Stúdentar sem koma annars staðar af landinu og vilja fara í staðarnám á Egilsstöðum

Um 6% nemenda ME koma úr öðrum landsfjórðungum¹¹. Mögulegt er að hlutfall þetta yrði svipað í háskólanámi, en auk þess yrði boðið upp á fjarnám fyrir stúdenta sem búa í öðrum sveitarfélögum eða landshlutum. Nýjir fjarnámsnemar gætu orðið 5 eða fleiri ár hvert.

f) Heildarfjöldi mögulegra stúdenta

Heildarfjöldi mögulegra nýstúdenta í staðarnáminu á hverju ári gæti orðið skv. ofansögðu um 81 (45+14+12+5+5). Miðað við BA/BS-nám er heildarfjöldi mögulegra stúdenta 243.

Ætla má að aðeins hluti af mögulegum nýstúdentum myndi hefja nám í nýjum Háskóla Austurlands. Fjöldi nema í þessum hóp verður héreftir kallaður 'ranhæfur fjöldi nemenda'. Til að fá vísbendingar um þennan fjölda var gerð könnun meðal nema í ME í aðríl 2007.

4) Raunhæfur fjöldi stúdenta í Háskóla Austurlands

4.i. Könnun á áhuga nemenda Menntaskólans á Egilsstöðum á að stunda háskólanám í nýjum háskóla á Egilsstöðum

Dagana 17.-18. apríl 2007 var gerð könnun meðal dagskólanemenda Menntaskólans á Egilsstöðum á áhuga þeirra á að stunda háskólanám í nýjum háskóla á Egilsstöðum. Spurningalisti (sjá viðauka) var lagður fyrir alla nemendur skólans á 1-5 námsári. Spurt var um hvort nemendur hefðu áhuga á að stunda nám í nýjum háskóla á Egilsstöðum, hvaða námsgreinar kæmu helst til greina og hversu há skólagjöld nemendur vildu greiða.

⁹ Heimasíða FAS 5. febrúar 2007.

¹⁰ Hér er gert ráð fyrir að sama hlutfall sé á Vestfjörðum og Austfjörðum, en samkvæmt könnun sem gerð var á Vestfjörðum var hlutfallið 7% (sjá Menntamálaráðuneytið, Starfshópur um stofnun Þekkingarseturs (2005) **Viðskiptaáætlun Háskólasetur Vestfjarða, 5 ára áætlun**).

¹¹ Starfshópur um innra mat við Menntaskólann á Egilsstöðum (2006) **Könnun á högum og viðhorfum nemenda við Menntaskólann á Egilsstöðum – Haust 2005**, bls. 6.

Könnunin var unnin fyrir Ívar Jónsson, framkvæmdastjóra Þekkingarseturs á Egilsstöðum, en hún var fjármögnuð af Fljótsdalshéraði. Jón Ingi Sigurbjörnsson stjórnaði könnuninni, en hún var unnin af nemendum í námskeiðinu Fél 403. Í könnuninni tóku þátt 208 af 316 dagskólanemendum og var svörun því 65,8% .

4.i.a. Helstu niðurstöður úr könnuninni eru þessar:

- 1) 85,6% þeirra sem tóku afstöðu sögðust stefna á háskólanám eftir stúdentspróf
- 2) 51,3% þeirra sem tóku afstöðu sögðust myndu hefja nám við nýjan háskóla á Egilsstöðum
- 3) 59,4% sögðust tilbúnir til að greiða allt að 100 þús kr á ári í skólagjöld, en 34,7% allt að 250 þús kr
- 4) 73,1% þeirra sem vildu hefja nám í háskóla á Egilsstöðum sögðust vilja klára tveggja ára diplómanám áður en þeir lykju BA/BS gráðu. Af þessum hópi, þ.e. þeir sem tóku afstöðu, vildu 67,8% klára þriðja ár BA/BS-náms í háskóla á Egilsstöðum
- 5) 30,4% þeirra sem vildu hefja nám við nýjan háskóla á Egilsstöðum vildu fara í nám á sviði samfélagsfræði (Félagsfræði, stjórnmálafræði, viðskiptafræði, mannfræði og lögfræði). 12,9% vildu nema verkfræði og 7,7% náttúrufræði. 10,8% hugnaðist helst listir, 10,3% kennaranám, 6,7% tungumál, 4,6 % lögfræði og 4,1% iðnfræði. 17% vildu stunda annað nám.

Miðað við að 51,3% nemenda Menntaskólans myndu vilja stunda háskólanám við nýjan háskóla á Egilsstöðum og 30,4% þessa hóps vilja stunda nám á sviði samfélagsfræða má draga þá ályktun að 15,6% nemenda ME vilji stunda slíkt nám (sjá nánar um niðurstöður könnunarinnar í Viðauka 4). Miðað við að 50 nemendur skrifist út á ári myndu um 8 stúdentar vilja hefja nám í samfélagsfræðum. Færri myndu vilja nema aðrar fræðigreinar eins og kemur fram í töflunni hér að neðan.

Tafla 1.

Fjöldi nema frá Menntaskólanum á Egilsstöðum í háskóla á Egilsstöðum

Fjöldi eftir fræðigreinum

	Hlutfall (%) þeirra sem vilja nema viðkomandi fræðigrein af þeim sem vilja stunda nám við háskóla á Egilsstöðum	Fjöldi nemenda miðað við að 50 stúdentar útskrifist frá ME á ári
Þjóðfélagsfræði	30,4	8
Verkfræði	12,9	3
Náttúrufræði	7,1	2
Listir	10,8	3
Kennaranám	10,3	3
Tungumál	6,7	2
Iðnfræði	4,1	1
Annað	17	4
	Alls	25

4.ii. Áætlaður raunhæfur fjöldi stúdenta við Háskóla Austurlands

Auk nýstúdenta frá ME myndu stúdentar úr VA og FAS innritast í Háskóla Austurlands. Miðað við að 60% stúdenta VA og um 50% stúdenta FAS eru á félagsvísindasviði má ætla að samfélagsvísindi myndu höfða til þessara stúdenta. U.þ.b. 9 nemendur útskrifast árlega af félagsfræðibraut VA. Ef helmingur þeirra vill fara í framhaldsnám á Egilsstöðum má gera ráð fyrir 4 stúdentum þaðan. Með sama hætti má gera ráð fyrir að af 13 stúdentum FAS myndu 4 hefja nám á sviði samfélagsvísinda í nýjum háskóla á Egilsstöðum. Sérstaklega myndi slíkt nám höfða til þeirra ef líklegt er að námið auki líkur á að þeir/þær fái atvinnu að námi loknu. Sem dæmi um slíkt nám í þjóðfélags- og viðskiptafræðum. Ef gert er ráð fyrir að 16 stúdentar kæmu úr framhaldsskólunum á Austurlandi (8+4+4), 5 kæmu annars staðar af landinu og 5 úr hópi stúdenta sem ekki fóru í háskólanám að loknu stúdentsprófi yrði fjöldi nýstúdenta 26 ár hvert. Auk þessara stúdenta má gera ráð fyrir að sérstakt markaðsátak og sú staðreynd að háskóli á Egilsstöðum hefði hafið störf myndi skila 5-10 stúdentum til viðbótar. Heildarfjöldi stúdenta í BA/BS-námi yrði þá rétt undir 100¹².

5) Fjöldi kennara við háskólann

Fastráðnir kennarar við háskóla kenna þrjú 3-ja eininga námsskeið, en fjöldi nemenda per fastráðinn kennari er u.þ.b. 25. Ef gengið er út frá því að námið við háskólann yrði tveggja ára kjarnanám (120 ECTS einingar (60 íslenskar einingar) og fjöldi stúdenta yrði 64 sbr. áætlun hér að ofan, þyrfti fjöldi fastráðinna kennara í fullu starfi að vera 2,5. Í byrjun gæti starf rektors verið skilgreint sem 50% kennslustarf. Vegna starfa kennara þarf ½ starf í stoðkerfi skólans.

Mikilvægt er að fastráðnir kennarar hafi doktorsgráður og reynslu af háskólakennslu til að tryggja gæði starfs þeirra og trúverðuleika starfseminnar gagnvart nemendum og samfélagi. Þetta er mikilvægt því starfsmennirnir þurfa að vera trúverðugir gagnvart stúdentum sem sækja um nám og gagnvart því að fá viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á starfseminni.

¹² Þ.e. heldur færri en fjöldi háskólastúdenta á Bifröst árið 2000.

6) Uppbygging náms

BA/BS í Þjóðfélags og viðskiptafræðum¹³

Öll námskeið eru 6 ECTS-einingar (3 ísl. einingar)

Haust	Vor
1. ár	
Inngangur að stjórnsýslufræðum Inngangur að Félagsfræði Rekstrarhagfræði I Inngangur að stjórn málafræði Stærðfræði A	Inngangur að markaðsfræði Inngangur að mannfræði Íslensk stjórnsýsla Stjórnun og skipulagsheildir Vinumarkaðsfræði
2. ár	
Inngangur að fjárhagsbókhaldi Lögfræði A Tölfræði A Útanríkisverslun Þjóðhagfræði I	Aðferðafræði Rekstrarbókhald Nýsköpun- og frumkvöðlafræði Tölfræði B Greining á stefnumörkun hins opinbera
3. ár BA/BS-gráða með lokaritgerð	
Frístundafræði Umhverfis- og auðlindastjórn mála 5 námskeið í fjarnámi á sviði þjóðfélags-, viðskipta- og stjórnsýslufræða*	BA/BS-Ritgerð (12 ECTS einingar) Þekkingarsamfélag
3. ár BA/BS-gráða án lokaritgerðar	
Aukafag tekið í fjarnámi í öðrum háskóla (60 ECTS-einingar)	

* Framboð á staðbundnum námskeiðum mun aukast í takt við fjölgun kennara HAU.

¹³ Líta ber á töfluna sem skýringardæmi fremur en fastmótaða tillögu.

7) Fjárhagsáætlun staðarnáms á háskólastigi

	ECTS-einingar	60	120
		1.ár	2. ár
Fjöldi stúdenta		32	32
-"-			32
Alls		32	64
Tekjur (þús. kr)			
Tekjur af ríkisframlagi með hverjum stúdent (þús. kr)		13920	27840
(framlag ríkis með hverjum stúdent er 435 þús kr)			
Aðrar tekjur (t.d. Kostun kennarstöðu af utanaðkomandi aðila)			
Skólagjöld innheimt af stúdentum 250 þús kr		8000	16000
Tekjur alls		21920	43840
Gjöld (þús. kr)			
Laun			
Staða rektors*		9000	9000
Staða prófessors			7800
Staða lektors			5400
Rannsóknaleyfi kennara - 6 mán per 36 mán =16.7%		1503	3707,4
Ráðstefnuferðir kennara (ein á ári per ársverk)		100	300
Staða ritara		4200	4200
Húsnæði (1600kr per fm)		230,4	460,8
Skrifstofu- og bókakostnaður og afskriftir á tölvum		230	360
Stundakennsla**			
51 ECTS ein		4880,7	
75 ECTS ein			7177,5
Kostnaður vegna notkunar fjarnámsbúnaðar við kennslu***		1950	3900
PR-, auglysinga- og heimasíðukostnaður		400	400
Áætlaður vaxtakostnaður vegna taps á árinu (ca 12%)		70	0
Tap/hanaður frá fyrra ári			644,1
Gjöld alls		22564,1	42705,7
Mismunur		-644,1	1134,3

Viðauki 1:

Úr fjárlagafrumvarpi 2006.

Fjárveitingu til kennsluþáttarins er skipt niður á grundvelli útreikninga sem byggjast á áætlun um fjölda og skiptingu ársnemenda í verðflokka náms. Að árinu loknu eru útreikningarnir endurteknir með rauntölum ársnemenda. Skólinn heldur fjárveitingu sinni ef endurtekinn útreikningur gefur meira en 98% af henni en getur ekki gert kröfu til viðbótarfjárveitingar þótt útreikningur gefi hærri niðurstöðutölu. Nánar er kveðið á um uppgjörsreglur í samningum menntamálaráðuneytisins og skólanna. Verðflokkar náms eru á bilinu frá 435 þús.kr. til 2.322 þús.kr. á ársnemanda áður en tilteknir liðir eru dregnir frá, m.a. hluti af tekjum skólanna af skrásetningargjöldum nemenda og reiknuð fjárbinding í húsnæði ríkisins. Þessir frádráttarliðir og framsetning þeirra í frumvarpinu gera það að verkum að ekki er hægt að bera saman útgjöld ríkisins vegna skólanna þótt allir fái þeir framlög samkvæmt sömu reglum.

Verðflokkar, án frádráttarliða	Verð Þús.kr.	Verðhlut- fall
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	435	1,0
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	690	1,6
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	741	1,7
Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklunga.	781	1,8
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr., m.a. verkl. æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar.	993	2,3
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	1.392	3,2
Nám í tannlækningum	2.322	5,3

Verðflokkar listnáms á háskólastigi liggja ekki fyrir með sama hætti og vegna annars náms. Verð á ársnemanda í Listaháskólanum eru á bilinu 741 þús.kr. til 2.861 þús.kr. og eru framlög til rannsókna og þróunarstarfs innifalin.

Viðauki 2

Háskólanemendur með lögheimili á Austurlandi

Háskólanám til fyrstu gráðu

		%
Almennar brautir	0	
Tungumál, mannvísindi	40	12,3
Listir	5	1,5
Uppeldisfræði, íþróttir, kennaranám	98	30,2
Samfélagsvísindi, lögfræði	49	15,1
Viðskipta- og hagfræði	37	11,4
Náttúrufræði, stærðfræði	32	9,8
Tæknigreinar, verkfræði	23	7,1
Landbúnaður, matvælafræði, þjónusta	3	0,9
Lækningar, heilbrigðisgreinar	38	11,7
Alls	325	

Heimild: Hagstofa Íslands

Viðauki 3

Spurningalisti úr:

Könnun meðal nemenda Menntaskólans á Egilsstöðum 17-18 apríl 2007

Skrifið X í
viðeigandi
sviga

Kyn Karl () Kona ()

Á hvaða námsbraut ert þú (skrifið á línuna) _____

Á hvaða námsári ert þú (skrifið á línuna) _____

Í hvaða sveitarfélagi er lögheimili þitt (skrifið á línuna) _____

Stefnir þú á háskólanám eftir stúdentspróf

Já () Nei ()

Ef í boði væri staðbundið nám við nýjan háskóla á Egilsstöðum, myndirðu hefja nám í þeim skóla

Já () Nei ()

Ef þú yrðir að greiða skólagjöld í nýjum háskóla á Egilsstöðum, hversu mikið værir þú tilbúinn að greiða á hverju skólaári

Allt að 100 þús. kr ()

Allt að 250 þús. kr ()

Allt að 350 þús. kr ()

Meira en 350 þús. kr ()

Ef þú myndir hefja nám á BA-stigi í nýjum háskóla á Egilsstöðum, hvaða aðalnámsgrein myndir þú helst velja af þeim sem birtast hér að neðan. **Veljið aðeins einn möguleika**

Tungumál ()

Listir ()

Félagsfræði ()

Stjórn málafræði ()

Viðskiptafræði ()

Hagfræði ()

Lögfræði ()

Stjórnsýslufræði ()

Mannfræði ()

Náttúrufræði ()

Stærðfræði ()

Verkfræði ()

Iðnfræði ()

Kennaranám ()

Annað (skrifið á línuna): _____

Ef þú myndir hefja nám á BA/BS-stigi í nýjum háskóla á Egilsstöðum, myndirðu þá vilja klára tveggja ára nám og fá diplómagráðu áður en þú lykir BA/BS-gráðu.

Já () Nei ()

Ef þú svaraðir síðustu spurning með já, myndirðu þá vilja klára þriðja árið í öðrum háskóla eða viltu klára námið í hinum nýja háskóla á Egilsstöðum

Á Egilsstöðum () Í öðrum háskóla ()

Viðauki 4

Niðurstöður úr könnun meðal nemenda Menntaskólans á Egilsstöðum 17-18 apríl 2007

Tafla 1.

Fjöldi nema frá Menntaskólanum á Egilsstöðum í háskóla á Egilsstöðum

Fjöldi eftir fræðigreinum

	Hlutfall (%) þeirra sem vilja nema viðkomandi fræðigrein af þeim sem vilja stunda nám við háskóla á Egilsstöðum	Fjöldi nemenda miðað við að 50 stúdentar útskrifist frá ME á ári
Þjóðfélagsfræði	30,4	8
Verkfræði	12,9	3
Náttúrufræði	7,1	2
Listir	10,8	3
Kennaranám	10,3	3
Tungumál	6,7	2
Iðnfræði	4,1	1
Annað	17	4
	Alls	25

Tíðnitöflur könnunar

Tafla 2

Kyn

	Fjöldi svarenda	%
Karl	96	47,1
Kona	108	52,9
Alls	204	100,0

Tafla 3

Á hvaða námsbraut ert þú?

	Fjöldi svarenda	%
Almenn braut	29	14,0
Félagsfræðibraut	75	36,2
Náttúrufræðibraut	62	30,0
Málabraut	16	7,7
Listabraut	5	2,4
Félagsfræðibr/íþróttir	7	3,4
Náttúrufræðibr/íþróttir	3	1,4
Félagfræðibr/listabr	7	3,4
Náttúrufræðibr/listabr	2	1,0
Íþróttabraut	1	0,5
Alls	207	100,0

Tafla 4

Á hvaða námsári ert þú?

	Fjöldi svarenda	%
Fyrsta ár	66	32,0
Annað ár	61	29,6
Þriðja ár	49	23,8
Fjórdá ár	22	10,7
Fimmta ár	8	3,9
Alls	206	100,0

Tafla 5

Í hvaða sveitarfélagi er lögheimili þitt?

	Fjöldi svarenda	%
Fljótsdalshérað	104	50,5
Fjarðabyggð	30	14,6
Önnur sveitarfélög á Austurlandi	59	28,6
Önnur sveitarfélög af landsbyggðinni	10	4,9
Höfuðborgarsvæði	3	1,5
Alls	206	100,0

Tafla 6

Stefnir þú á háskólanám eftir stúdentspróf?

	Fjöldi svarenda	%
Já	167	85,6
Nei	28	14,4
Alls	195	100,0

Tafla 7

Ef í boði væri staðbundið nám við nýjan háskóla á Egilsstöðum, myndirðu hefja nám í þeim skóla?

	Fjöldi svarenda	%
Já	97	51,3
Nei	92	48,7
Alls	189	100,0
	208	

Tafla 8

Ef þú yrðir að greiða skólagjöld í nýjum háskóla á Egilsstöðum, hversu mikið værir þú tilbúin/n að greiða á hverju skólaári?

	Fjöldi svarenda	%
Allt að 100 þús. kr	120	59,4
Allt að 250 þús. kr	70	34,7
Allt að 350 þús. kr	10	5,0
Meira en 350 þús. kr	2	1,0
Alls	202	100,0

Tafla 9

Ef þú myndir hefja nám á BA-stigi í nýjum háskóla á Egilsstöðum, hvaða aðalnámshgrein myndir þú helst velja?

	Fjöldi svarenda	%
Tungumál	14	7,2
Listir	21	10,8
Félagsfræði	23	11,8
Stjórn málafræði	5	2,6
Viðskiptafræði	16	8,2
Lögfræði	9	4,6
Mannfræði	6	3,1
Náttúrufræði	15	7,7
Verkfræði	25	12,8
Iðnfræði	8	4,1
Kennaranám	20	10,3
Annað.....	33	16,9
Alls	195	100,0

Tafla 10

Ef þú myndir hefja nám á BA/BS-stigi í nýjum háskóla á Egilsstöðum, myndirðu þá vilja klára tveggja ára nám og fá diplómagráðu áður en þú lykir BA/BS-gráðu?

	Fjöldi svarenda	%
Já	144	73,1
Nei	53	26,9
Alls	197	100,0

Tafla 11

Ef þú svaraðir síðustu spurningu með já, myndirðu vilja klára þriðja árið í öðrum háskóla eða viltu klára námið í hinum nýja háskóla á Egilsstöðum?

	Fjöldi svarenda	%
Á Egilsstöðum	86	56,2
Í öðrum háskóla	67	43,8
Alls	153	100

Tafla 12

Ef í boði væri staðbundið nám við nýjan háskóla á Egilsstöðum, myndir þu hefja þeim skóla?

			Á hvaða námsári ert þú?					Total
			Fyrsta ár	Annað ár	Þriðja ár	Fjórdá ár	Fimmta ár	
Já	Á hvaða námsbraut ert þú?	Almenn braut	11	1	0	1	0	13
		Félagsfræðibraut	4	16	9	8	3	40
		Náttúrufræðibraut	4	6	12	1	0	23
		Málabraut	5	2	3	0	0	10
		Listabraut	1	1	0	0	0	2
		Félagsfræðibráðpróttir	0	1	1	2	0	4
		Náttúrufræðibráðpróttir	0	1	0	1	0	2
		Félagafræðibráðpróttir	0	2	0	0	0	2
		Total	25	30	25	13	3	96
Nei	Á hvaða námsbraut ert þú?	Almenn braut	10	2	0	0	0	12
		Félagsfræðibraut	7	10	5	1	3	26
		Náttúrufræðibraut	16	9	6	5	0	36
		Málabraut	2	1	1	0	0	4
		Listabraut	0	2	0	0	0	2
		Félagsfræðibráðpróttir	0	0	1	2	0	3
		Náttúrufræðibráðpróttir	0	0	1	0	0	1
		Félagafræðibráðpróttir	0	2	1	0	0	3
		Náttúrufræðibráðpróttir	0	0	2	0	0	2
		Íþróttabraut	0	0	0	1	0	1
Total	35	26	17	9	3	90		

Tafla 13

Ef þú myndir hefja nám á BA-stigi í nýjum háskóla á Egilsstöðum, hvaða aðalhámsgrein myndir þú helst velja?

		Á hvaða námsbraut ert þú?										Total
		Almenn braut	Félagsfræðibraut	Náttúrufræðibraut	Málabraut	Listabraut	Félagsfræðibráðpróttir	Náttúrufræðibráðpróttir	Félagafræðibráðpróttir	Náttúrufræðibráðpróttir	Íþróttabraut	
Ef þú myndir hefja nám á BA-stigi í nýjum háskóla á Egilsstöðum, hvaða aðalhámsgrein myndir þú helst velja?	Tungumál	5	5	1	2	0	0	0	0	0	0	13
	Listir	3	6	1	4	3	0	0	2	2	0	21
	Félagsfræði	4	14	3	0	0	2	0	0	0	0	23
	Stjórnálfraeði	1	3	0	0	0	1	0	0	0	0	5
	Vilðskiptafræði	0	6	5	4	0	1	0	0	0	0	16
	Lögfræði	0	3	4	1	0	0	1	0	0	0	9
	Mannfræði	3	2	1	0	0	0	0	0	0	0	6
	Náttúrufræði	1	1	12	0	0	0	1	0	0	0	15
	Verkfræði	3	3	18	0	0	0	0	0	0	1	25
	Íðnfraeði	3	2	2	0	0	1	0	0	0	0	8
Kennaranám	0	14	2	2	0	1	0	1	0	0	20	
Annað.....	3	12	11	2	0	1	1	3	0	0	33	
Total	26	71	60	15	3	7	3	6	2	1	194	